

2016

Árangursstjórnunarsamningur

Innanríkisráðuneytið og embætti Sýslumannsins á Suðurnesjum



SÝSLUMENN

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

SAMNINGUR INNANRÍKISRÁÐUNEYTISINS VIÐ EMBÆTTI SÝSLUMANNSINS Á SUÐURNESJUM UM ÁRANGURSSTJÓRNUN

I. TILGANGUR

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur innanríkisráðuneytis og embættis Sýslumannsins á Suðurnesjum um að lögbundin verkefni embættisins séu unnin á faglegan og hagkvæman hátt.

Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli innanríkisráðuneytis og embættis Sýslumannsins á Suðurnesjum. Þá á samningurinn að skerpa áherslur um stefnumótun, framkvæmd verkefna, áætlanagerð og leggja grunn að mati á árangri af starfsemi embættisins.

Samningnum er einnig ætlað að styrkja beitingu árangursstjórnunar sem stýritækis hjá embætti Sýslumannsins á Suðurnesjum.

Samningurinn breytir í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri embættisins eða þeim skyldum sem embættið hefur samkvæmt lögum. Þá felur stjórnvaldsábyrgð ráðherra í sér að hann getur fellt samninginn úr gildi ef ekki er staðið við ákvæði hans.

II. HLOTVERK OG HELSTU VERKEFNI

Embætti Sýslumannsins á Suðurnesjum er stjórnarsýsluembætti sem fer með framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Um embætti sýslumanna gilda lög nr. 50/2014 og umdæmi þeirra eru ákveðin í reglugerð nr. 1151/2014.

Embættum sýslumanna ber einnig að fylgja stefnum stjórnvalda eins og við á s.s. stefnu í aðgengismálum opinberra vefja, innkaupastefnu og jafnréttisstefnu.

Verkefni embættis sýslumanns má taka saman í eftirtalda flokka:

- **Persónuréttindi og fjölskyldumál.** Undir málaflokkinn falla margvísleg mál, sem öll eiga það sameiginlegt að varða fjölskyldur; stofnun þeirra og slit, réttindi og skyldur einstaklinga sem eru eða hafa verið í vígðri eða óvígðri sambúð og réttindi barna. Einnig falla undir málaflokkinn erfðamál og málefni ólögráða einstaklinga. Loks falla hér undir umboð Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands.
- **Eignaréttindi og fullnusta krafna.** Hér undir falla þinglýsingar, sem fela í sér opinbera skráningu réttinda yfir tilteknum eignum til þess að þær njóti verndar gagnvart þriðja manni, fullnustugerðir eins og fjárnám, sem miða að því að tryggja kröfu með eign eða réttindum og nauðungarsölu, sem eru fullnustugerð til að koma eign í verð eða

til að slíta sameign. Einnig fellur undir málaflokkinn greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna samkvæmt lögum nr. 50/2009.

- **Stjórnsýsla ríkisins í umdæminu.** Hér undir fellur innheimta opinberra gjalda, atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, útgáfa ýmissa leyfa, afgreiðsla vegabréfa og ökuskirteina, lögbókandagerðir og friðlýsing æðarvarpa.
- **Sérverkefni embættis** eru afgreiðsla stefnubirtinga samkvæmt Haag-samningnum um birtingar á réttarskjölum og utanréttarskjölum í einkamálum og verslunarmálum og stefnubirtingar á grundvelli Norðurlandasamnings um gagnkvæma dómsmálaaðstoð frá 26. maí 1975.

III. MARKMIÐ OG ÁHERSLUR

Innanríkisráðuneytið og embætti Sýslumannsins á Suðurnesjum hafa náð samkomulagi um eftirtaldar áherslur og meginmarkmið varðandi starfsemi embættisins á samningstímanum. Deilimarkmið fyrir hvern og einn flokk verða skilgreind í langtímaáætlun og endurskoðuð árlega:

Stjórnsýsla og þjónusta

Embættið tryggir að stjórnvaldsákvarðanir séu ávallt í samræmi við lög, reglur og vandaða stjórnsýsluhætti. Sé ákvörðun rökstudd skal það gert með gagnorðum og eins stutturum texta og málefnið leyfir. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Stofnunin setur sér viðmið um málshraða við afgreiðslu mála.
- Brugðist verður við athugasemdum við málsmeðferð eða ákvörðunum sem teknar eru af ráðuneyti, dómstólum eða umboðsmanni Alþingis.

Embættið miðlar upplýsingum til ritstjórnar sameiginlegrar ársskýrslu embætta sýslumanna sbr. sérstök gagnasöfnunarskjöl¹ ritstjóra auk þess að sinna upplýsingagjöf til ráðuneyta, Alþingis og annarra aðila.

Mælikvarðar og viðmið:

- Gagnasöfnunarskjölum verður skilað rafrænt útfylltum til ritstjóra ársskýrslu fyrir lok janúar ár hvert. [Tímabil innleiðingar 2017]
- Erindum aðila verður svarað innan skilgreindra tímamarka. [Tímabil innleiðingar 2016]

Embættið veitir umsagnir og kemur með tillögur að breytingum á lögum og reglugerðum eins og við á. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Unnið verður innan skilgreindra tímamarka.



¹ Skjölín eru send embættum í upphafi til útfyllingar. Ef breyting verður á skjölunum vekur ritstjóri athygli embættanna á því.



Embættið hefur forgöngu um reglulegt samráð við sveitarfélög og önnur stjórnvöld um fyrirkomulag og samræmingu opinberrar þjónustu í umdæminu eftir því sem við getur átt.

Mælikvarðar og viðmið:

- Samráðsfundir verða a.m.k. árlega.

Embættið leitast við að stuðla að ánægju viðskiptavina og kannar hana með reglulegum þjónustukönnunum.

Mælikvarðar og viðmið:

- Hlutfall frekar og mjög ánægðra með þjónustuna fari yfir 65% á samningstímabilinu.

Ferlar

Embættið rekur virkt úttektarkerfi. [Tímabil innleiðingar 2016-2021]

Mælikvarðar og viðmið:

- Úttektir fara fram samkvæmt skráðu sameiginlegu verklagi embætta sýslumanna.
- Sýslumaður fer reglulega yfir niðurstöður úttekta.

Embættið tekur þátt í vinnu við samræmingu verkferla í einstökum málaflokkum embætta sýslumanna. Sú vinna er hafin á vegum nefndar, samkvæmt 6. gr. laga nr. 50/2014, og tekur embættið þátt í henni með því að leggja til upplýsingar og taka upp samræmda verkferla þegar þeir liggja fyrir. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Embættið sinnir þeirri vinnu er nefndin felur því innan tilskilinna tímamarka.
- Virk þátttaka í öðrum verkefnum um samræmingu verkferla á landsvísu.

Embættið hagi innkaupum í samræmi við vistvæn innkaup og stefnu stjórnvalda hverju sinni. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Innkaup á grundvelli rammamarkna Ríkiskaupa.

Árangursstjórnunarsamningur þessi verði kynntur starfsmönnum embættisins. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Samningurinn verði kynntur öllum starfsmönnum á starfsmannafundi.
- Samningurinn verði aðgengilegur starfsmönnum.

Mannauður

Allir starfsmenn embættisins eiga að vera metnir að verðleikum og njóta sömu tækifæra í starfi. Þannig leitast embættið við að efla starfsánægju og að mannaúður þess nýtist sem best. [Tímabil innleiðingar 2016]

Mælikvarðar og viðmið:

- Embættið vinnur í samræmi við starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun þess frá 3. mars 2016.

Að hjá embættinu starfi ábyrgt, hæft og ánægt starfsfólk. [Tímabil innleiðingar 2016-2021]

Mælikvarðar og viðmið:

- Heildareinkunn úr starfsánægjukönnun SFR mælist 4,0 í lok samningstímabils.

Fjármál

Að fjárhagsáætlun embættisins sé faglega unnin. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Frávik frá áætlun eru greind reglulega. Árlega verði helstu upplýsingum miðlað til starfsmanna. Greining á frávikum fylgi ársskýrslu.

Að embættið sé innan fjárheimilda. [Tímabil innleiðingar 2017]

Mælikvarðar og viðmið:

- Frávik stofnunar frá fjárheimildum.


IV. GAGNKVÆMAR SKYLDUR OG ÁBYRGÐ SAMNINGSADILA

Á samningstímanum munu embætti Sýslumannsins á Suðurnesjum og innanríkisráðuneytið hafa með sér eftirfarandi verklag:

Embættið:

Sýslumaður er tengiliður gagnvart ráðuneyti og ábyrgðaraðili samnings þessa af hálfu embættisins.

- Í samræmi við áherslur og markmiðasetningu um árangursstjórnun og skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 leggur embættið fram a.m.k. þriggja ára starfs- og fjárhagsáætlun. Þar mun meðal annars koma fram hvernig embættið hyggst vinna að þeim markmiðum sem tilgreind eru í samningi þessum og í fjármálaáætlun ríkisins. Áætlun embættisins skal uppfærð árlega og eftir föngum séu því falin aukin verkefni.
- Embættið skal leggja fram ársáætlun (starfs- og fjárhagsáætlun) að hausti. Þar er gerð grein fyrir helstu fjárhagsstærðum, starfsmarkmiðum ársins, forgangsröðun og þeim árangursmarkmiðum sem embættið stefnir að á árinu.
- Telji embættið ekki nægar fjárveitingar til verkefna þess, sem af þessum samningi leiða, skal stofnunin leggja fyrir ráðuneytið rökstudda tillögu að forgangsröðun og eftir atvikum frestun eða niðurfellingu verkefna. Ráðuneytið skal veita endurgjöf eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að slík tillaga liggur fyrir.




Innanríkisráðuneytið:


- Fjallar um og staðfestir áætlanir embættisins, markmiðasetningar og mælikvarða sem fram koma sbr. reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Haldinn er fundur með embættinu ár hvert eftir að áætlanir hafa borist þar sem þær eru yfirfarnar og endurgjöf gefin innan tveggja mánaða.
- Skýrir frá afstöðu sinni til árangursmats sem fram kemur í ársskýrslu, innan tveggja mánaða frá því ársskýrslan er lögð fram og kynnt.
- Sér um skil á fjárlagatillögum og samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar. Við tillögugerðina mun ráðuneytið beita sér fyrir því að fjárveitingar verði í samræmi við áherslur og markmið í samningi þessum.
- Tilnefnir tengilið/umsjónarmann þessa samnings gagnvart embættinu.
- Vekur athygli embættisins á laga- og reglugerðarbreytingum er varða starfssvið þess og kunna að hafa áhrif á framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn nær til.

V. GILDISTÍMI OG ENDURSKOÐUN SAMNINGS

Samningurinn tekur gildi við undirskrift. Gildistími hans er fimm ár. Hvor aðili fyrir sig getur óskað eftir endurskoðun samningsins innan þess tíma. Endurskoðun samningsins skal hafin a.m.k. þremur mánuðum áður en samningstímanum lýkur. Breytingar sem verða ákveðnar á markmiðakafla samningsins skulu settar í fylgiskjal.

Reykjavík, 16. nóvember 2016


f.h. innanríkisráðherra


Sýslumaðurinn á Suðurnesjum